

103
25. júní

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um skilning á lögum nr. 28, 14. desbr. 1877. — Með þóknanlegu brjefi dags. 8. febr. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ummæli þau, er þjer hafið útvegað frá amtmanninum í Suduramtinu og Vesturamtinu útaf erindi því frá fiskiveiðaráðanaut innanríkisráðaneytisins, er fylgdi brjefi hins íslenzka ráðaneytis til yðar, dags. 26. okt. f. á., um fyrirhugaðar fiskiveiðasamþykktir á ýmsum fjörðum á Íslandi um bann gegn því að viðhafa snarvörpur til veiðiskapar, þar sem amtmaðurinn jafnframt því að láta í ljósi, að æskilegt sje að nefndar samþykktir komist á, æskir eptir álitu ráðaneytisins um það, hvort það geti fallizt á skilning þann á lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði viðvíkjandi fiskiveiðum á opnum bátum, sem hann fyrir sitt leyti verði að aðhyllast, nefnilega að nefnd lög sjeu því algjörlega til fyrirstöðu, að í samþykktum sje lagt algert bann gegn því að viðhafa snarvörpur eða önnur fiskiveiðaáhöld, því til þess mundi þurfa sjerstök lög, en þar á móti sje það vafalaust heppilegt, að nánari samþykktarákvæði fengjust um brúkun snarvarpna, sjerstaklega að því er snertir hvenær og hvar þær megi nota, svo og um stærð möskva þeirra.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir amtmanni Havsteen, að eptir álitu ráðaneytisins eru sjálf ákvæðin í hinum umræddu lögum, sbr. 6. gr. þeirra, ekki því til fyrirstöðu, að tekin sjeu uppi samþykktir þær, sem lögin heimila að gjöra, ákvæði, er banna að viðhafa við fiskiveiðar á opnum bátum ýms ákveðin veiðiáhöld á ákveðnum stöðum og á vissum tímum árs.

104
13. júlí

Brjef ráðgjafans fyrir Island til landshöfðingja um að hin brezka skipamælingarregla skuli öðlast gildi á Íslandi. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dags. 12. maí þ. á., hefur ráðgjafinn skrifazt á við yfirstjórn skattamála um það, að álta megi rjettast, að hin brezka skipamælingarregla («British Rule») verði látin ná gildi á Íslandi, eins og annarsstaðar í konungsríkinu, og hefur skattamálastjórninni jafnframt verið falið að kveða á um það, hvenær heppilegast væri að breyting þessi kæmist á. Hefur nefnd yfirstjórn síðan skýrt frá því, að hún hafi ákveðið að hin umrædda skipamælingarregla skuli öðlast gildi á Íslandi 1. septbr. næstkomandi.

Þetta er eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að því viðbættu, að hinar nauðsýnlegu leiðbeiningar þessu málefni viðvíkjandi, munu verða láttnar lögreglustjórunum á Íslandi í tje beina leið frá skrásetningar- og skipamælingarskrifstofunni hjer í Kaupmannahöfn.

105

Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennaumdamunum í Norður-Múlasýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Austuramtinu breytast yfirsetukvennaumdæmir í Norður-Múlasýslu eptirleiðis á þessa leið: